

**Viðmiðunartekjur** sem notaðar eru við útreikning á lífeyri og tengdum bóta eru skattskyldar tekjur svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur, en þó eru á því undantekningar. Þær tekjur, sem ekki eru teknar með eru lífeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Mælt er fyrir um tekjutengingar lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Heimildir til frádráttar frá ákveðnum tegundum tekna við útreikning viðmiðunartekna er mismunandi eftir bótaflokkum sbr. töflu 1.

### Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Þegar búið er að reikna út viðmiðunartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir bóta sbr. töflu 2.

### Tafla 2. Helstu upphæðir sem miðað er við við útreikning lífeyris og tengdra bóta

Réttindi	Mán.gr.	Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
		kr.	ár	mán.	ár
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir					
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	42.852	2.575.220	214.602	4.632.116	386.010
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	42.852				
Tekjutrygging	137.226	0	0	4.632.116	386.010
Heimilisuppbót	39.851	0	0	4.292.747	357.729
<b>Annað</b>	<b>kr.</b>	<b>ár</b>	<b>mán.</b>	<b>ár</b>	<b>mán.</b>
Framfærsluviðmið <sup>*1</sup> <b>þýr ekki einn</b>	227.883				
Framfærsluviðmið <sup>*1</sup> <b>þýr einn með heimilisuppbót</b>	280.000				
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	31.679	2.575.220	214.602	4.602.676	383.556
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	39.862	2.575.220	214.602	4.488.596	374.050
Uppbót á lífeyri <sup>*2</sup> - 5 til 140% af lífeyri				2.700.840	225.070
Uppbót v/reksturs bifreiðar	15.839				
Ráðstöfunarfé	68.662	0	0	1.267.606	105.634

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38.35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13.35%
Heimilisuppbót örorkulífeyrispega	11.14%
Ráðstöfunarfé	65%

**Tekjur maka, aðrar en fjármagnstekjur sem eru alltaf sameiginlegar**, hafa ekki áhrif á réttindi almannatrygginga. Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.

<sup>\*1</sup>**Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri<sup>\*2</sup> hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu.

<sup>\*2</sup>**Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.